

## Athugasemd við frumvarp:

# Föst starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri

327. mál, þingsályktunartillaga   
154. löggjafarþing 2023–2024.

### Ágæti ráðherra/þingmaður

Það er eflaust að bera í bakkafullan lækinn að koma með tillögu um staðsetningu á aukabyrlusveit Landhelgisgæslunnar, þar sem ákveðnar hugmyndir virðast nú vera að líta dagsins ljós að frumkvæði Njáls Trausta Friðbertssonar, fyrsta þingmanns í Norðausturkjördæmi. Ég hef áður fjallað um þetta mál, án sjáanlegs árangurs.

=====

Læknar hafa ítrekað hvatt til þess að þyrlur verði staðsettar á landsbyggðinni og ekki er hægt að vera meira sammála þeim samþykktum. Þeir eru hins vegar fastir í að staðsetja fyrstu þyrluna á Akureyri, sem er illskiljanlegt. Þeir líta eingöngu á þyrlur sem tæki til sjúkraflygs en þyrlur eru fyrst og fremst heppilegar til björgunarstarfa við erfiðar aðstæður en geta nýst ágætlega til flutninga á sjúklingum um styttri veg.

\*Ég vil benda á Egilsstaðaflugvöll sem valkost fyrir þetta verkefni og í því samhengi hef ég látið teikna inn á meðfylgjandi kort 200NM radius út frá Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum. Rauði fleygurinn er ávinningurinn að hafa þyrlu á Akureyri, umfram Egilsstaði. Blái fleygurinn er ávinningurinn að hafa þyrlu á Egilsstöðum umfram Akureyri. Þar sést gjörla hvar ávinningurinn er meiri í drægi, að því gefnu að alltaf verði þyrlur staðsettar í næsta nágrenni við Reykjavík.



\*Suður af landinu eru einnig helstu siglingaleiðir fragtskipa og megnið af flugleiðum til og frá Íslandi liggja einnig þar um. Norræna siglir suðaustur af landinu og þetta er það svæði sem flest skemmtiferða-skip eiga leið um ár hvert.

Tekið skal fram að þetta er ekki vísindaleg úttekt, en gefur tilefni til þess að kanna nánar þessa tvo þætti, sem taka þarf tillit til við ákvörðun um staðsetningu þyrlunnar. Nánari rannsóknir þarf að framkvæma með tilliti til flugumferðar í samráði við ISAVIA ohf. og afla upplýsinga um siglingaleiðir ferja og fragtskipa, sem eru væntanlega til í

gögnum Landhelgisgæslunnar.

Staðsetning björgunarþyrlu og starfsstöðvar Landhelgisgæslunnar er um margt ákjósanleg á Egilsstaðaflugvelli.

1. Sjónflugleiðir frá Egilsstöðum eru góðar út á sjó, Héraðsflóinn, Fagridalur og Öxi. Ekki má gleyma vaxandi umferð um hálendi norðanverðs Austurlands og slysum vegna óhappa, m.a. á hópferðabífreidum þar og á þjóðvegi eitt um hálendi Austurlands.

2. Upp hafa komið tilfelli þar sem ekki hefur reynst unnt að fljúga þyrlum frá Reykjavík til leitar og björgunar, sem hefðu tekið fullan þátt í aðgerðum með staðsetningu á Egilsstaðaflugvelli.

3. Ég bendi á að um Egilsstaðaflugvöll er talsverð flugumferð (innanlands og utan) og í ljósi atburða 2007, þegar Fokker flugvél Flugfélagsins varð að lenda á Egilsstaðaflugvelli með annan hreyfilinn dauðan. Sama ár lenti fraktvél frá Icelandair á Egilsstaðaflugvelli vegna borða um að eldur væri laus um borð. Af fleiru er að taka. Það þarf ekki ríkt imyndunar afl til að sjá að þá má á ekki mikið út af bera til þess að flugvöllurinn lokist.

4. Ef flugvél brotlendir á flugvellinum er líklegast að vellinum verði lokað og þar með er ekki hægt að lenda venjulegum flugvélum á vellinum til ná í slasaða. Þyrlur geta þrátt fyrir það athafnað sig á svæðinu.

5. Næsta aðgerðasjúkrahús er á Norðfirði og það tekur þyrlu um 15 mínútur að fara þangað með slasaða en um klukkustund tekur að fara þessa leið í sjúkrabil. Þar er einnig flugvöllur til að ná í sjúklinga, ef flytja þarf þá annað, t.d. til Reykjavíkur, en Norðfjarðarflugvöllur er takmörkunum háður vegna hárra fjalla og veður hindrar ítrekað flug um hann.

6. Verði óhapp á Akureyrarflugvelli er einungis um fimm mínútna akstur á mun betra og fullkomnara sjúkrahús en hægt er að státa af í öllum Austurlandsfjórðungi.

Ég vil einnig vekja athygli á eftirfarandi:

A. Engin sjúkraflugvél er staðsett á Egilsstaðaflugvelli þrátt fyrir um 10.000 manna byggð innan áhrifasvæðis flugvallarins. Frá Austurlandi er lengst að fara frá fullkomnum flugvelli á bestu sjúkrahús landsmanna, sem loftlínan er um 200NM. Oft hefur verið bent á nauðsyn þess að hafa sjúkraflugvél í Vestmannaeyjum, þar sem flugleiðin er 57NM á Reykjavíkurflugvöll og með allar öflugustu vélar í íslenska flugflotanum og björgunarþyrlur tiltækar.

B. Á Ísafirði er einnig talin þörf á sjúkraflugvél.

C. Öflugasta sjúkraflugvélin er staðsett á Akureyri.

D. Á Ísafirði, Akureyri og í Vestmannaeyjum eru öflugar sjúkrastofnanir en ég tel einsýnt að sjúkrastofnun á Austurlandi standi þeim öllum langt að baki.

E. Það er hins vegar staðreynd að best búnu sjúkrahús landsins eru í Reykjavík, næstbest búna á Akureyri og síðan slappast þetta allt niður í kofaþyrpingu eins og á Egilsstöðum, þar sem menn skilja bara ekkert í því að enginn læknir vilji ráða sig til starfa.

F. Það er líka staðreynd að nær allt sjúkraflug er til Reykjavíkur. Örfá eru til Akureyrar og þar af eru flutningar með sjúka milli sjúkrahúsa, sem ekki eru eiginleg sjúkraflug.

G. Ég bendi jafnframt á það, ef talin er þörf á að staðsetja flugvél á Ísafirði og í Vestmannaeyjum, hljóta að gilda sömu rök fyrir Austurland, sem er lengst frá hátækniþjónustu sjúkrahúsanna.

*H. Hvernig reka á sjúkraflug og heilbrigðisþjónustuna er mat til þess bættra manna. Það eru sömu „sérfræðingarnir“ sem eru ráðuneyti heilbrigðismála til ráðgjafar um starfsemi vítt og breitt um Ísland og það ráðuneyti stjórnar, merkilegt nokk, einnig heilbrigðismálunum hér á Austurlandi. Því hljóta sömu rökin að gilda fyrir Austurland.*

*(Greinin fyrst birt í Morgunblaðinu 3. mars 2008. Uppfærði 17. Október 2023)*

*Virðingarfyllst*

*Benedikt Vilhjálmsson Warén*

*Kt. 220351-2469*

*Hamragerði 3 #601*

*700 Egilsstaðir*

*GSM 896-6452*